



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 133/1187*

*komudagur 22.2.2007*

Alþingi  
Nefndarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2007  
Tilvísun: 200702-0048

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði, mál nr. 568.**

Alþýðusambandinu hefur borist beiðni um umsögn um fyrrgreint frumvarp til laga um réttindi launafólks sem greiðir til svokallaðra starfstengdra eftirlaunasjóða í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB.

Þess má geta að Alþýðusamband Íslands hafði beina aðkomu að viðræðum við samtök atvinnurekenda á Evrópuvísu fyrir nokkrum árum, þegar tilraun var gerð til þess að gera kjarasamning um lágmarksréttindi í lífeyrissjóðum innan ESB og EES. Í þeim viðræðum kom í ljós það mikill munur er á grundvelli lífeyrissjóða innan Evrópu að ekki reyndist mögulegt að mynda slíkan lágmarksgrundvöll. Sum þessara lífeyriskerfa eru grundvölluð á lögum og önnur samningsbundin milli aðila vinnumarkaðar, en mynda engu að síður grundvöll almennaréttar. Sum þessara lífeyriskerfa í Evrópu, eins og t.d. í Bretlandi og Þýskalandi, eru hins vegar tengd einstaka fyrirtækjum í formi starfstengdra eftirlaunasjóða, þar sem fulltrúar starfsmanna hafa takmarkaða aðkomu og engar eða litlar reglur gilda um meðferð fjár, ávinnslu réttinda eða lágmarksréttindi.

Í ljósi þessarar niðurstöðu kröfðu Evrópusamtök verkalýðsfélaga Framkvæmdastjórn ESB um að sett yrði tilskipun sem tryggði ákveðin lágmarksréttindi í þeim sjóðum, sem ekki teldust hluti almennatryggingarkerfisins, sbr. starfstengdu eftirlaunasjóðina. Alþýðusambandið studdi þá kröfugerð byggt á þeirri forsendu að það raskaði ekki forsendum eða stöðu íslenska lífeyriskerfisins, sem byggir á víðtæku samkomulagi um þriggja stöða kerfi almennatrygginga, skylduaðild að samtryggingarsjóði og frjálsum viðbótarsparnaði. Niðurstaðan var umrædd tilskipun sem nú þarf að innleiða hér á landi, þrátt fyrir að vandfundinn sé sjóður sem starfi á þessum grundvelli.

Af fyrrgreindum ástæðum styður ASÍ samþykkt þessa frumvarps.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson  
Framkvæmdastjóri ASÍ